

Fundargerð 93. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 21. maí 2015 kl 11:00 að Stórhöfða 25

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Sævar Örn Kristjánsson, Gunnar S. Gunnarsson, Guðmundur Helgi Þórarinsson, Þorsteinn Hjálmarsson, Jón Jóhannsson, Andrés Bjarnason og Guðmundur Sigurvinsson

Dagskrá :

- Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 92.** Fundargerð samþykkt og undirrituð. Stjórn undirritaði líka staðfestingu vegna þinglýsingar eignaskiptayfilýsingar vegna Einarsstaða.
- Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála.**
 - Mikil óvissa er í kjaraviðræðum. Munum hafna tilboði SA á morgun.
 - Fundir VM á mánudag og þriðjudag voru illa sóttir. Sérstaklega bagalegt hversu fáir mætti á fundi trúnaðarráðs en það voru einungis 8 af 40. Þrjátíu manns mættu á félagsfundinn.
 - Búið er að skipa verkfallsnefnd og undirbúningur vegna verkfalla kominn á full á skrifstofunni. Fjölga þarf sínum og fá fólk í símsvörun. Við erum í góðri stöðu.
 - Formaður sagði að það væri alltaf að koma betur og betur í ljós að skipulagsmál verkalyðshreyfingarinnar eru í molum og að framundan sé mikil vinna við tiltekt og endurskipulagningu.
- Verkfallsaðgerðir.** Kjörseðlar eru farnir í póst. Verið er að kjósa um tímabundið verkfall 10. – 17. júní og svo ótímabundið frá 24. ágúst.
- Samstarf Iðnaðarmannafélaga.** Samstarf félaganna gengur vel og við ættum að huga að framtíðasamstarfi ef allt gengur vel. Slæmt er hversu fáir mættu á fulltrúaráðsfundinn sem haldinn var, það stefnir í mestu átök á vinnumarkaði í 30 ár og menn sýna þessu ekki áhuga. Spurt var hvort menn hefðu þá afboðað sig eða bara ekki mætt? Upplýsti var að 2 hefðu afboðað en hinir ekki látið heyra frá sér. Verið er að skipuleggja vinnustaðaheimsóknir í næstu og þarnæstu viku. Von er á útspili ríkisstjórnarinnar í skatta og húsnæðismálum í vikunni. Spurði hvort verkfallsstjórnin sem búið er að velja þyrfti ekki að hittast og skoða hver tilgangur og verkefni hennar eru?
- Umsagnir um málefni sjávarútvegsins.** Lögín um stjórn fiskveiða fóru ekki í gengum þingið. Óskað var eftir umsögnum um Makrílinn og veiðigjaldið á síðustu stundu eins og allaf. Umsagnirnar voru sendar á stjórnarmenn en. Ánæga var með þessar umsagir þó sérstaklega vegna Verðlagstofu skiptaverðs, það þarf að styrkja þá stofnun.

- 6. 100 ára afmæli Vélaskólans.** Verið er að skoða hvað hægt er að gefa skólanum. Það sem vantar mest eru skilvindur. Tilboð er komið sem við getum farið inn í, skilvindurnar eru boðnar með 3000 evra afslætti. Formaður var beðinn um í haust að vera í þessari afmælisnefnd og er verið að skipuleggja dagskrá.
- 7. Skúlagata 44 seld og keypt í Mánatúni.** Félagssjóður á orlofsíbúðina í Skúlagötu og spurt var hvað mönnum fyndist um að selja hana og kaupa í staðinn í Mánatúninu. Mikil þægindi væru í því að vera með allar íbúðirnar á sama stað. Rætt var um söluna á Borgartúninu á sínum tíma og að það hefði átt að kaupa í Mánatúninu fyrir þann pening. Umræður voru um sölu á Skúlagötunni og voru ekki allir sammála. Að lokum var ákveðið að kaupa eina íbúð í Mánatúni, bara viðbót, og skoða ef það fengist önnur á góðum verði hvort Skúlagötunni yrði þá skipt út.
- 8. Lagt fram til upplýsinga.** Formaður lagði fram bréf til Sjómannadagsráðs þar sem VM tilnefnir Bjarna Sveinbjörnsson til heiðrunar á Sjómannadaginn.
- 9. Önnur mál:**
- a) Lágagjaldið hefur verið 7000 kr. í nokkur ár og formaður lagði til að það yrði hækkað í 8.000 kr. Setja þarf líka stífari reglur varðani leigu á íbúðum en lágagjaldsmenn eru mikið að notfæra sér þær, fullgreiðandi félagsmenn verða að sitja fyrir. Rætt var um tilgang lágagjaldsins sem upphaflega var sá að menngætu fengið upplýsingar frá félaginu ef þeir voru tilneyddir til að vera í öðru félagi og svo tímaritið. Í dag eru allar þessar upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu félagsins og tímaritið líka, svo hver er tilgangurinn? Umræður voru um þetta og að lokum var ákveðið að hætta með lágagjaldi.
 - b) Spurt var hver staðan væri með að skrifa bók um netgerðina. Formaður ætlar að heyra í þeim hljóðið.

Fundi slitið kl. 13:40